




Gegnum loftmúrinn, 1984. Múrrista eftir Gunnstein Gíslason.



Tvær nýjar múrristur eftir Gunnstein. Þær eru á sýningu hans á Kjarvalsstöðum.



í fullkomnu þyngdarleysi. Hér nær listamaðurinn oft að tjá átök og hamslausa hreyfingu með formum, sem fyrir tilvirkan innri hvata virðast slíta sig laus og myndbreytast á stundum í algerlega óhlutlæga myndgerð. Stóra veggmyndin í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er gott dæmi um slíka formgerð. Fuglsímyndin, sem við getum greint vinstra megin á myndinni, er leyst upp, línur fuglsins hvarfast saman við línur loftstraumsins, himininn og landið í fjaska. Og í öðrum myndum, eins og t.d. verkinu Austanregn frá árinu 1981, þekkir áhorfandinn einstaka smáatriði, sem virka líkt og vísbending og gera honum kleift að „endurbyggja" myndina. Á þennan hátt er áhorfandinn neyddur til að gerast þátttakandi í sköpunarverkinu og lesa út úr því sína eigin sýn.

Í þessari formgerð, sem hafnar hinum hefðbundna myndramma, eru það sem fyrr segir fígúrur og umfram allt fuglar megin viðfangsefnið. Fuglsímyndin er gjarnan sett fram sem ferli, samtímis sem hún er leyst upp á myndfletinum. Þannig öðlast myndin oft fleiri en eitt tímaskeið. En hvað er megininntak þessara verka? Fyrir hvað standa þessar fígúrur og fuglar? Er einhver dulin merking í fuglsforminu, sem birtist aftur og aftur í verkum listamannsins? Eflaust væri hægt, ef djúpt er rýnt, að fjalla um táknræna merkingu fuglsins í þessum verkum. En á þessu stigi virðist það nægilegt að beina athygli okkar að sameiginlegum einkennum þessara fígúru- og fuglamynda. Og það fyrsta sem við tökum eftir er að bæði þessi fyrirbæri fljúga í verkum listamannsins og flugið er í raun forsendan fyrir ærslafullri og hamslausri hreyfingu á myndfletinum. Og þar erum við kannski komin að því sem hvað mest einkennir myndefnið í þessari formgerð. Og það er æðið, átökin, baráttan og árásargirndin! En þetta sammerkta inntak þarf ekki að vera túlkað sem eyðandi eða niðurdrepandi, líkt og Freud skilgreinir þennan mannlega eiginleika, heldur getur það þvert á móti verið skynjað sem jákvætt afl, lífsorka, sem er forsenda allra athafna, upphafið að sérhverju sköpunarverki. Þetta eru því skapandi átök listamannsins við efnið og hvernig hann fullnægir sér í baráttunni. Ímyndin, myndefnið — fugl/fígúra — eru því í raun átylla, formrænn möguleiki, farvegur fyrir andlega og líkamlega útrás listamannins. Hin raunverulega merking er því sjálf sköpunin, glíman við efnið, miðilinn, sem í þessu tilviki er lagskipt steypa sem ekki má þorna áður en samskiptum myndar og listamannsins lýkur. Þá innsiglar steinninn form og inntak.

Steypan er afgerandi í þessari myndgerð og býður upp á leik með djúpt og rýmið auk þess sem hún aðlagast auðveldlega sínu næsta umhverfi. En steinninn er líka einkennileg andstæða myndefnisins í þessari síðastnefndu formgerð. Í raun getum við talað um þversögn milli flugformanna og steypunnar, sem er í eðli sínu hörð og þung. Eiginleikar sem frysta, stífa og hefta þau átök sem brjótast um á myndfletinum. Og í síðustu verkum listamannsins gengur hann enn lengra og setur form og línur úr stáli inn í formgerðina. Þetta eru oftast geometrísk form sem annað hvort virka sem rammi eða eru einfaldlega til þess að binda orkuna í hreyfi- og flugformum myndanna. Og um leið framkalla þessar andstæður og kannski enn frekar en áður átökin sem eiga sér stað á myndfletinum. Ósveigjanlegt stálið er gert til að halda kraftinum og hinni hamslausu hreyfingu í skefjum.

Víst er að þessar „stálbyggingar" eru opnun fyrir annars lausbeislaða formgerð og ef til vill er þetta leiðin yfir í þrívíddar múrristur, því þegar öllu er á botninn hvolft er múrristan lágmynd og þá er stutt yfir í skúlptúrinn. Þetta er því myndgerð sem virðist búa yfir óþrjótandi möguleikum, bæði í útfærslu og stærðum, og rímar einkar vel við fyrirbærið arkitektúr!

Höfundurinn er listfræðingur og forstöðumaður Ásmundarsafns.

HVAÐ VARSTU AÐ LESA?

Alþýðustökur og heimslist

EFTIR JÓN ÚR VÖR

Þeir sem kynnst hafa hinum stuttorðu ljóðum Austurlanda — sem nú eru til í þýðingum allra menningarþjóða hvar sem er í heiminum meira að segja í allríkum mæli hér hjá okkur Íslendingum — og hafa bestu íslensku ferskeytlurnar og tækifærisvísurnar til samanburðar hljóta oft að taka eftir því, hve lík sum þessara verka eru að gerð. Í örfáum orðum er hægt að segja sögu, sem líka væri hægt að tjá í margra binda skáldverki.

En ef við gerum okkur grein fyrir þessu hlýtur okkur um leið að verða ljóst, að hið frábæra í skáldskap, eins og raunar í allri list, er fágætt dýrmæti og getur aðeins komið þar fram, sem jarðvegurinn er undirbúinn. — En annað þurfum við líka að hafa í huga, að þótt tvö góð skáldverk séu í rauninni einstæð og aldrei fyllilega sambærileg, verður hið snjalla því aðeins metið — og borið saman á tveimur óskildum tungum — að sá sem dæmir kunni nógu vel bæði málin, sem verkin birtast á, og hafi ótvírætt góðan smekk.

Hjá bókaútgáfu Helgafells kom út rétt fyrir jólin 1975 ljóðakver eftir aldraða ekkju og móður, sem ung hafði misst manninn sinn eftir skamma sambúð. Hún var bóndadóttir og síðan húsfreyja austur í Fljótshlíð. Seinna hafði hún flutt með börnin sín til Reykjavíkur. Alla ævi hafði hún unnað ljóðum og ort sjálf. Hún fékk að lifa það, að sjá prófarkir litlu bókarinnar sinnar, sem börn hennar kostuðu til útgáfu. En á útgáfudegi bókarinnar var komin í gröf sína, enda svo gömul að börnin hennar voru líka komin á efri ár og fallandi fót. Ég hef einu sinni áður minnst á vísur þessar opinberlega, en ég man ekki, hvort bókin vakti annars nokkra athygli.

Heiti hennar er Kvæði, 52 blaðsíður. Höfundurinn hét Halla Lovísa Loftsdóttir, fædd 1886, dó 1975. Hér koma sýnishorn:

Draumur

Viltu koma stutta stund
stigu forna kanna
heim í bjartan helgilund
huldu minninganna?

Þar er allt sem áður var
ei þótt greini sögur,
blómin okkar bíða þar
björt og hrein og fögur.

Sitja skulum hlið við hlið,
hlusta svo í næði
á fuglasöng og sumarklið,
sem við elskum bæði.

Þann að heyra unaðsóð
oft var fyrrum gaman.
Fagur söngur, lög og ljóð
leiddi okkur saman.

Hljótt í runnum hvíslað var,
heitin brunnu á tungu.
Himins sunna hneig í mar,
hörpur unnar sungu.

Blómin smá til himins heim
horfðu á dáinn bjarma,
út í bláan, bjartan geim
breiddi þráin arma.

Himins boga á bláum dúk
blikaði ljósafjöldinn,
hjúpuðu foldu mild og mjúk
mánans silkitjöldin.

Út í heiðin ljós og löng
lofts um víðan bláinn
lyftist okkar sál í söng,
söm var beggja þráin.

Svo skal tveggja sálna þrá
söngs í hljóma beygja.
Víst er gott að þekkja þá
þó þeir verði að deyja.

Ég vil vekja athygli á því, að þótt þessar vísur séu allar settar undir sömu fyrirsögn væri eins hægt að taka margar þeirra út úr, láta þær vera stakar, eins og stuttu Austurlandaljóðin mörg eru. Einnig mætti velja saman tvær og tvær og gera úr sjálfstætt kvæði. Tökum þar sem dæmi tvær fyrstu og tvær síðustu vísurnar. Höfundur nefnir í rauninni hvergi berum orðum hinn látna ástvin sinn, er hún missti eftir svo stutta samveru og tregar langa ævi. En þó að maður viti ekki meira um ævi skáldkonunnar en það litla, sem sagt er í þessari stuttu grein, er það nóg til þess að bera kvæði hinnar óþekktu íslensku konu við miklar heimsbókmenntir frá liðnum öldum, án þess að manni komi í hug stæling.

Síðasta vísan í bókinni er svona:

Út á veginn óljós þrá
augna bendir steinum.
En að hverju er ég að gá
sem ekki á von á neinum?